

Héraðsvötn ehf.

Ártorgi 1

Sauðárkróki

Verkefnisstjórn um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða

Umhverfis og auðlindaráðuneyti

Skuggasundi 1

150 Reykjavík

Umsögn um endurskoðaða lokaskýrslu verkefnisstjórnar.

Þann 11. maí s.l. lagði verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar fram tillögur sínar um flokkun á 26 virkjunarkostum í nýtingar, bið eða verndarflokk eftir atvikum og greiningum sérstakra faghópa sem skipaðir voru hver á sínu sviði. Þessir hópar áttu hver og einn að fjalla um afmarkaða þætti málsins og saman að skapa verkefnisstjórn heildaryfirsýn yfir hvern virkjunarkost og stuðla þannig að niðurstöðu sem byggði á „langtíma sjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati“ eins og segir í lögum um verndar og orkunýtingaráætlun.

Okkur virðist að verkefnisstjórn hafi unnið með þeim hætti að grundvalla niðurstöðu sína af flokkun svæða en ekki flokkun virkjanakosta. Það virðist ekki vera í anda laganna en í 10 gr.laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun segir :

*Að fengnum niðurstöðum faghópa vinnur verkefnisstjórn drög að tillögum um flokkun virkjunarkosta og afmörkun virkjunar- og verndarsvæða í samræmi við flokkunina.*

Skv. þessu ber verkefnisstjórn að flokka virkjunarkosti en afmörkunin á virkjunar- og verndarsvæðum á að leiða af þeirri flokkun. Það er mat okkar að þessi aðferðarfræði þurfi endurskoðunar við.

Jafnframt er skrýtið að verkefnisstjórn virðist ekki líta á það sem skyldu sína að fjalla um alla þá virkjunarkosti sem Orkustofnun leggur fram en af 82 kostum virðist einungis vera fjallað um 27 þeirra. (Sjá athugasemdir Orkustofnunar frá 20. apríl 2016).

Þegar það bætist síðan við að engar niðurstöður liggja fyrir frá faghópum 3 og 4 sem hægt er að nota til að fá þá heildarsýn sem þarf að liggja til grundvallar fyrir niðurstöðum nefndarinnar er ekki hægt annað en að líta svo á að vinnu verkefnisstjórnarinnar sé hvergi nærri lokið og hún í raun ekki þess umkomin að leggja fram þær tillögur um flokkun sem hún hefur þó í tvígang lagt fram í sínum upphafsdrögum frá 31. mars 2016 og síðan í endurskoðuðum drögum að lokaskýrslu sem lögð var fram þann 11. maí 2016.

Stjórn Héraðsvatna ehf. vill jafnframt benda á rýni Orkustofnunar á drögum að skýrslu verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar sem birt var á vef stofnunarinnar þann 27. júlí s.l.. Þar koma fram margvíslegar athugasemdir varðandi virkjanir í Skagafirði. Bent er á að víða séu

settar fram fullyrðingar sem ekki eru rökstuddar með nokkrum hætti. Stjórn Héraðsvatna ehf. tekur undir þá gagnrýni sem þar kemur fram.

Hvað varðar faghópa 3 og 4 er ljóst að þar er mikið starf óunnið. Ástæður þess að ráðist er í virkjunarframkvæmdir yfirleitt eru fyrst og fremst efnahagslegar og samfélagslegar og er nokkuð sérstakt að verkefnisstjórn telji sig þess umkomna að flokka virkjunarkosti (og reyndar virkjunarsvæði) án þess að niðurstöður þessara faghópa liggi fyrir. Er ekki hægt að skilja skýrslu verkefnisstjórnar öðruvísi en svo að þar séu kostirnir flokkaðir eftir huglægu mati faghópa 1 og 2.

Það er því krafa Héraðsvatna ehf. að virkjunarkostir í Skagafirði (Villinganes, Skatastaðavirkjun C og D) verði áfram í biðflokki enda ekki, að okkar mati, til staðar nægjanlegar upplýsingar fyrir verkefnisstjórn til að breyta ákvörðun annars áfanga við afgreiðslu þriðja áfanga rammaáætlunar.

Sauðárkróki 2. ágúst 2016

f.h. Héraðsvatna ehf.

Þórólfur Gíslason stjórnarformaður